

## D Ó M U R

**Héraðsdóms Vesturlands 5. október 2007 í máli nr. S-151/2007:**

### Ákærvaldið

*(Ólafur Þór Hauksson sýslumaður)*

**gegn**

**Sigríði Hjartardóttur**

Mál þetta höfðaði sýslumaðurinn á Akranesi með ákæru 26. júlí 2007 á hendur ákærðu, Sigríði Hjartardóttur, kt. ..., Kirkjubraut 6a á Akranesi. Málið var dómtekið 1. október sama ár.

Í ákæruskjali segir að málið sé höfðað gegn ákærðu

„fyrir umferðarlagabrot á Akranesi með því að hafa, þriðjudaginn 19. júní 2007, um kl. 22.20, ekið bifreiðinni VG-316, svipt ökurétti og undir áhrifum áfengis (áfengismagn í blóði 1,07 prómill) og bannaðra ávana- og fíkniefna, norðaustur Suðurgötu uns hún stöðvaði aksturinn á móts við hús nr. 87 við Suðurgötu.

Í þvagsýni sem tekið var úr ákærðu í framhaldi af handtöku fannst amfetamín og tetrahýdrókannabínólsýra sem er umbrotsefni tetrahýdrókannabínóls sem er virka efnið í kannabisi. Amfetamín, tetrahýdrókannabínól, tetrahýdrókannabínólsýra og kannabis eru í flokki ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru á íslensku forráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Brot ákærðu þykir varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr., 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. a, sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 186. gr. laga nr. 82/1998, 1. gr. laga nr. 48/1997, 3. gr. laga nr. 24/2007 og 5. gr. laga nr. 66/2006.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993 og 18. gr. laga nr. 66/2006.“

Ákærða krefst þess að hún verði sýknuð af kröfum ákærvaldsins og að sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð.

I.

Að kvöldi þriðjudagsins 19. júní 2007 barst lögreglunni á Akranesi tilkynning um að ákærða væri að aka bifreið um götur bæjarins, en ákærða er svipt ökurétti ævilangt. Lögregla fór að svipast um eftir bifreiðinni, sem ákærða var talin aka, og töldu tveir lögreglumenn, sem voru við umferðareftirlit á lögreglubifreið, sig verða vara við ákærðu þar sem hún ók bifreiðinni VG-316 til austurs eftir Suðurgötu. Lögreglubifreiðinni, sem var ekið í gagnstæða átt, var snúið við og bifreiðinni veitt eftirför. Við Suðurgötu 87 var bifreiðin stöðvuð og skilin eftir í gangi og töldu lögreglumenn að ökumaður hefði lagt á flóttu úr bifreiðinni hlaupandi inn í húsið. Þegar hér var komið bar aðra lögreglubifreið að með þriðja lögreglumanninum og knúðu þeir dyra.

Í frumskýrslu lögreglu er framhaldinu lýst þannig að húsráðandi, Magnús Finn Jóhannsson, hafi komið til dyra og sagt að ákærða væri þar innandyrna. Einnig segir að húsráðandi hafi gefið lögreglu leyfi til að fara inn og ræða við ákærðu. Þar hafi lögreglumenn hitt hana fyrir liggjandi í sófa í stofu á efri hæð. Hún hafi gefið lögreglu þá skýringu að hún hefði verið sofandi en í skýrslunni er fullyrt að ákærða hafi verið móð eins og eftir hlaup og fas hennar ekki eins og hún hefði verið vakin. Einnig segir í skýrslunni að ákærða hafi verið viðskotaill og í annarlegu ástandi. Þá er tekið fram að ákærða hafi á vettvangi hvorki neytt áfengis né lyfja.

Í frumskýrslu lögreglu kemur einnig fram að nokkur hópur hafi verið gestkomandi að Suðurgötu 87 og hafi gestirnir verið undir áhrifum áfengis. Þá segir að í viðræðum við lögreglu hafi Kristín Vöggsdóttir viljað taka á sig sök fyrir ákærðu þar sem hún hafi verið með bifreiðina í láni. Aðspurð hafi Kristín hins vegar lítið vitað um hvað málið snérist og ekki getað sagt hvaða leið bifreiðinni var ekið.

Ákærða var handtekin á vettvangi og færð á lögreglustöðina til frekari rannsóknar. Voru dregin blóðsýni úr ákærðu auk þess sem hún gaf þvagsýni. Við rannsókn á blóðsýni úr ákærðu reyndist magn alkóhóls í blóði að teknu tilliti til vikmarka vera 1,07% (1,19–1,12).

Við athugun á lögreglustöðinni svaraði þvag ákærðu jákvætt við prófun á hvort það innihéldi fíkniefni. Voru því blóð- og þvagsýni einnig send til lyfjarannsóknar. Í matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði frá 12. júlí 2007 segir að alkóhól í blóði hafi mælst 1,05% og í þvagi 1,82%. Einnig segir að í þvagi hafi fundist amfetamín og tetrahýdrókannabínólsýra. Kókaín eða ópíöt hafi hins vegar ekki verið greinanleg í þvagini. Þá hafi amfetamín og tetrahýdrókannabínól ekki verið mælanlegt í blóði. Að þessu virtu er komist að þeirri niðurstöðu í matsgerðinni að ákærða hafi neytt fíkniefna en ekki verið lengur undir áhrifum

þeirra þegar blóðsýnið var tekið.

## II.

Í kjölfar þess að ákærða var handtekin var hún yfirheyrð af lögreglu og neitaði hún þá afdráttarlaust að hafa ekið fyrir um kvöldið. Einnig neitaði ákærða að hafa neytt fíkniefna þetta sama kvöld.

Ákærða gaf skýrslu fyrir dómi og lýsti málsatvikum þannig að hún hefði verið í samkvæmi að Suðurgötu 87 í umrætt sinn og komið þangað um miðjan daginn. Ákærða kvaðst hafa neytt áfengis og kannaðist einnig við að hafa reykt hass og tekið inn lítilræði af amfetamíni. Þegar nokkuð var liðið á samkvæmið sagðist ákærða hafa lagst fyrir í sófa og sofið þar í einn til tvo tíma, en þá hefði hún verið vakin og lögregla staðið yfir henni. Aðspurð þvertók ákærða fyrir að hafa ekið bifreiðinni VG-316 skömmu áður en hún var handtekin. Einnig sagði ákærða að í þessa bifreið hefði hún ekki komið þennan dag en hún kvaðst þekkja til eiganda bifreiðarinnar. Um ástand sitt þegar ákærða var handtekin sagðist hún hafa verið ringluð en kannaðist ekki við að hafa verið móð.

## III.

Vitnið Árni Ingólfsson, lögreglumaður, bar fyrir dómi að tilkynning hefði borist um akstur ákærðu og því hefði hennar verið leitað. Vitnið kvaðst hafa ásamt starfsfélaganum sínum verið á lögreglubifreið þegar ákærða kom akandi úr gagnstæðri átt eftir Suðurgötu. Nánar aðspurður fullyrti Árni að ákærða hefði verið ökumaður bifreiðarinnar en vitnið sagðist þekkja ákærðu í sjón. Lögreglubifreiðinni hefði þegar verið snúið við og eftirför hafin en skömmu síðar hefði bifreiðin verið stöðvuð og ákærða hlaupið frá henni. Þegar hér var komið hefði Helgi Pétur Ottesen, lögreglumann, einnig borið að og þessu næst hefði lögregla knúið dyra þar sem talið var að ákærðu væri að finna. Þar hefði lögregla síðan komið að ákærðu þar sem hún hefði legið móð og ekki að sjá að hún hefði verið nývöknuð. Vitnið greindi einnig frá því að Kristín Vöggsdóttir, gestkomandi í húsinu, hefði sagt að hún hefði ekið bifreiðinni en engin ástæða hefði verið til að taka það alvarlega þar sem tveir lögreglumenn hefðu þekkt ákærðu við aksturinn. Þegar ákærða var færð á brott sagði vitnið að hún hefði viljað fá handtösku úr bifreiðinni en hald hafi verið lagt á töskuna vegna rannsóknar annars sakamáls.

Vitnið Silvía Llorens Izaguirre, lögreglumaður, greindi frá því fyrir dómi að nafnlaus tilkynning hefði borist lögreglu um akstur ákærðu og því hefði hennar verið leitað. Vitnið kvaðst hafa verið með starfsfélaganum sínum, Arna Ingólfssyni, á lögreglubifreið og hefðu þau mætt ákærðu akandi í gagnstæða átt eftir Suðurgötu. Vitnið sagðist ekki vera í neinum vafa um að þarna hefði ákærða verið við aksturinn en vitnið kvaðst þekkja ákærðu vegna fyrri afskipta af henni. Því næst hefði lögreglubifreiðinni verið snúið við og ekið á eftir bifreiðinni sem ákærða ók en hún hefði stöðvað bifreiðina og hlaupið inn í hús á Suðurgötu. Þar hefði lögregla þegar leitað inngöngu og komið að ákærðu í sófa þar sem hún var móð og mäsandi. Á vettvangi hefði auk annarra verið Kristín Vöggsdóttir sem hefði viljað taka þetta á sig en það taldi vitnið hafa verið augljósan fyrirslátt. Á leið út í lögreglubifreiðina eftir handtöku sagði vitnið að ákærða hefði viljað fá handtösku sína úr bifreiðinni.

Vitnið Helgi Pétur Ottesen, lögreglumaður, lýsti málsatvikum þannig fyrir dómi að lögregla hefði verið að svipast um eftir ákærðu í tilefni af nafnlausri tilkynningu um akstur hennar. Helgi sagðist hafa verið einn í annarri af þeim lögreglubifreiðum sem notaðar voru við eftirlitið. Tilkynning hefði síðan borist um talstöð þess efnis að lögreglumenn á hinni bifreiðinni hefðu mætt ákærðu og hafið eftirför. Helgi kvaðst hafa komið að bifreiðinni við Suðurgötu 87 rétt eftir að hún var stöðvuð og hefði bifreiðinni verið illa lagt í stæði og hún skilin eftir án þess að drepið væri á aflvélinni. Vitnið kvaðst aftur á móti hvorki hafa séð hver ók bifreiðinni né hver kom á hlaupum út úr bifreiðinni. Um framhaldið sagði Helgi að hann ásamt öðrum lögreglumönnum á vettvangi hefði knúið dyra og fengið leyfi húsráðanda til inngöngu. Þar hefðu lögreglumenn komið að ákærðu í sófa þar sem hún var lafmóð. Ákærða hefði verið viðskotail, hreytt ónotum í lögreglu og ekki verið viðræðuhæf. Einnig sagði vitnið að lögregla hefði rætt við aðra gestkomandi en allir hefðu gestirnir verið undir áhrifum áfengis. Einn gestanna, Kristín Vöggsdóttir, hefði viljað taka þetta á sig, eins og hún sjálf hefði komist að orði, en lögregla metið það svo að engin efni væru til að leggja trúnað á þá frásögn. Þá sagði vitnið að þegar haldið hefði verið á brott með ákærðu í kjölfar handtöku hefði hún óskað eftir að fá snyrtitösku úr bifreiðinni. Lögregla hefði hins vegar lagt hald á töskuna þar sem talið var að hún hefði að geyma þýfi.

#### IV.

Vitnið Kristín Vöggsdóttir gaf skýrslu fyrir dómi og lýsti atvikum þannig að hún, ákærða og Harpa María Hreinsdóttir hefðu komið um kvöldmatarleytið í samkvæmið að Suðurgötu 87. Daginn áður sagðist vitnið ásamt ákærðu hafa ekið bifreiðinni VG-316 til Akraness og skilið bílinn eftir að Suðurgötu 19. Taldi vitnið vel hugsanlegt að ákærða hefði þá skilið eitthvað eftir í bifreiðinni. Kristín lýsti atburðum í samkvæminu þannig að hún hefði setið í sófa í stofu íbúðarinnar þegar lögregla kom til að hafa afskipti að ákærðu. Einnig sagði Kristín að ákærða hefði þá verið búin að liggja einhverja stund í sófanum. Kristín taldi hugsanlegt að ákærða hefði brugðið sér eitthvað frá án þess að vitnið tæki eftir því, enda hefði vitnið verið á einhverju vappi um húsið. Einnig sagðist Kristín ekki hafa verið búin að sitja lengi hjá ákærðu. Aðspurð um hvort ákærða hefði verið nýkomin inn skömmu áður en lögregla kom sagðist Kristín ekki vita það. Kristín kannaðist við að hafa sagt við lögreglu að hún vildi gangast við að hafa ekið bifreiðinni en um hefði verið að ræða fíflagang og vitleysu af sinni hálfu. Nánar aðspurð gaf Kristín þá skýringu á þessari frásögn sinni að hún hefði viljað taka þetta á sig fyrir ákærðu, vinkonu sína, en það hefði komið sér illa fyrir ákærðu ef hún yrði sakfelld fyrir aksturinn. Þá tók Kristín fram að fleiri hefðu á vettvangi sagst hafa ekið bifreiðinni og nefndi Hörpu í því sambandi en vitnið taldi hugsanlegt að hún hefði ekið bifreiðinni. Um ástand sitt sagði Kristín að hún hefði verið mjög ölvuð.

Vitnið Harpa María Hreinsdóttir bar fyrir dómi að hún hefði ásamt ákærðu og Kristínu Vöggsdóttur komið í samkvæmið að Suðurgötu 87. Kvaðst Harpa þetta kvöld ekki hafa neytt áfengis en á þessu tímabili hafi hún þó tekið inn lyf og neytt fíkniefna. Þegar Harpa var búin að vera einhverja stund í samkvæminu sagðist hún hafa ætlað að sækja bifreiðina VG-316 þar sem henni hafði verið lagt neðar á Suðurgötu. Harpa kvaðst hafa verið ein að ná í bifreiðina en þegar hún ók til baka hefði hún mætt lögreglubifreið og orðið skelkuð. Þessu næst kvaðst vitnið hafa gefið í og lagt bifreiðinni fyrir utan húsið og hlaupið inn. Lögreglan hefði síðan

komið inn og verið að amast eitthvað við ákærðu. Kvaðst vitnið hafa talið að erindið við ákærðu væri að ræða þjófnaðarmál frá deginum áður sem beindist að þeim vinkonum. Aðspurð sagði Harpa ekkert hafa gefið sig á tal við lögreglu og ekki gert sér grein fyrir að ákærðu var gefið að sök að hafa ekið bifreiðinni.

Vitnið Magnús Finn Jóhannsson, sem er húsráðandi að Suðurgötu 87, kom fyrir dóm og kvaðst umræddan dag bæði hafa verið mjög ölvaður og tekið inn róandi lyf. Hann myndi því atburði mjög óljóst. Vitnið sagði að tveir félagar hans, þeir Ingibjartur Geir Richter og Lúðvík Karlsson, hefðu komið í heimsókn um miðjan dag og síðar um daginn hefði ákærða komið ásamt vinkonum. Aðspurður sagði Magnús að hann rámaði í að lögregla hefði komið en gat ekkert sagt til um ferðir ákærðu.

Vitnið Lúðvík Karlsson greindi frá því fyrir dómi að hann ásamt Ingibjarti hefði komið til Magnúsar til að grilla og taka til. Með þessu hefðu þeir viljað léttu undir með Magnúsi en eiginkona hans hefði andast skömmu áður. Síðar um daginn hefði ákærða komið ásamt vinkonum sínum. Lúðvík kvaðst hafa verið að ganga frá og raka blettinn og síðan farið í sturtu. Þegar hann hefði verið að klára sitt bað hefði lögregla knúið dyra. Vitnið kvaðst hafa opnað og lögregla komið inn og handtekið ákærðu. Aðspurður sagði Lúðvík að hann hefði hvorki tekið eftir ákærðu fara né koma og kvaðst hann ekki vita hver ók bifreiðinni.

Vitnið Ingibjartur Geir Richter, bar fyrir dómi að hann hefði komið ásamt félaganum sínum Lúðvík til að grilla á heimili Magnúsar og aðstoða hann á ýmsa lund. Nokkru síðar hefði ákærða komið með tveimur vinkonum. Þegar leið á kvöldið sagði Ingibjartur ekki muna betur en að ákærða hefði verið inni í stofu í sófa að slaka á en vitnið kvaðst hins vegar hafa brugðið sér nokkra stund inn í eldhús. Þegar vitnið kom aftur inn í stofu hefði ákærða ekki verið í sófanum en í þeirri andrá hefði lögregla komið æðandi inn og sakað ákærðu um að hafa keyrt bifreið. Vitnið kvaðst ekki hafa tekið eftir að ákærða hefði ekið bifreið.

V.

Ákærða hefur hér fyrir dómi og við yfirheyrslu hjá lögreglu staðfastlega neitað að hafa ekið bifreiðinni VG-316 að kvöldi 19. júní 2007 eftir Suðurgötu á Akranesi að húsi nr. 87 við þá götu, eins og henni er gefið að sök í ákæru. Í málinu liggur fyrir að ákærða og vinkonur hennar, þær Kristín Vöggsdóttir og Harpa María Hreinsdóttir, fóru síðdegis umræddan dag í samkvæmi í því húsi hjá Magnúsi Finn Jóhannssyni. Hefur ákærða skýrt svo frá að hún hafi ekki vikið úr samkvæminu og legið sofandi í sófa þegar lögreglumenn komu og báru hana sökum.

Vitnið Magnús Finn Jóhannsson hefur greint frá því fyrir dómi að hann hafi þetta kvöld verið undir miklum áhrifum áfengis og lyfja. Hann mundi því atburði óljóst og gat ekkert borið um hvort ákærða hefði vikið úr samkvæminu. Í samkvæminu voru einnig vitnin Lúðvík Karlsson og Ingibjartur Geir Richter en þeir gátu jafnframt takmarkað greint frá því hvað ákærða hafðist fyrir. Kom fram hjá Lúðvík að hann hefði rétt verið að koma úr sturtu þegar lögreglu bar að og Ingibjartur greindi frá því að hann hefði verið nokkra stund inni í eldhúsi án þess að fylgjast með ákærðu. Samkvæmt þessu fær neitun ákærðu ekki stoð í vætti þessara vitna.

Fyrir dómi bar vitnið Kristín Vöggsdóttir að hún hefði setið í sófa inni í stofu með ákærðu liggjandi við hlið sér þegar lögreglu bar að. Um atburði rétt á undan var framburður Kristínar mjög óstöðugur en hún sagði bæði að ákærða hefði þá verið búin að liggja einhverja stund í sófanum og að hún vissi ekki hvort ákærða hefði verið nýkomin inn rétt áður en lögreglan kom. Þá verður með engu móti litið hjá því að Kristín kannaðist við að hafa á vettvangi viljað gangast við akstri bifreiðarinnar. Nánar aðspurð um ástæðu þess sagði Kristín að hún hefði viljað taka þetta á sig fyrir ákærðu vegna þess að það kæmi sér illa fyrir ákærðu ef hún yrði sakfelld fyrir aksturinn. Verður að hafa þetta í huga við mat á sönnunargildi þessa vitnisburðar.

Vitnið Harpa María Hreinsdóttir hefur fyrir dómi borið að í umrætt sinn hafi hún verið ökumaður bifreiðarinnar. Harpa lýsti því að henni hefði brugðið mjög við að mæta lögreglu á bifreiðinni og lagt á flóttu. Þegar inn var komið kvaðst Harpa hins vegar hafa talið að lögregla, sem veitt hefði henni eftirför, væri komin inn í húsnæðið rակleitt í kjölfarið en af allt öðru og óskyldu tilefni. Verður með engu móti talið að þetta fái staðist og rýrir þetta sönnunargildi framburðarins.

Þegar vitnisburðir Kristínar og Hörpu eru virtir er til þess að líta að þær eru vinkonur ákærðu. Hefur önnur þeirra kannast við að hafa á vettvangi borið um að hún vildi taka á sig aksturinn en hin hefur hér fyrir dómi sagt að hún hafi ekið. Þetta og sá framburður vitnanna, sem áður er lýst, hefur allt þann greinilega blæ að verið sé að bera ákærðu í hag. Þá gætir innbyrðis ósamræmis hjá umræddum vitnum að því leyti að Kristín hefur sagt að Harpa hafi einnig á vettvangi sagt að hún hafi ekið bifreiðinni en Harpa lýsti því aftur á móti að hún hefði haldið sig til hlés og ekkert rætt við lögreglu. Að öllu þessu gættu verður vætti þessara vitna metið ótrúverðugt og verður það ekki lagt til grundvallar dómi í málinu.

Andspænis neitun ákærðu stendur framburður tveggja lögreglumanna, þeirra Árna Ingólfssonar og Silvíu Llorens Izaguirre, sem bæði hafa borið að þau hafi gagnert verið að leita ákærðu vegna tilkynningar til lögreglu um akstur hennar. Hafa þau bæði afdráttarlaust fullyrt að ákærða, sem þau þekki í sjón, hafi í umrætt sinn ekið bifreiðinni. Þá þykir óhætt að slá því föstu að bæði þessi vitni hafi ekki farið mannavillt þegar ekið var í birtu sumarkvölds um þrönga götu Akraness, en ákærða og vitnið Harpa hafa komið fyrir dóminn og eru þær ekki sláandi líkar eins og verjandi ákærðu hélt fram við munnlegan flutning málsins. Loks hafa umrædd vitni borið að ákærða hafi verið móð þegar inn var komið en það bendir ekki til að hún hafi verið nývöknud þegar lögregla ræddi við hana, eins og ákærða hefur sjálf haldið fram. Um þetta atriði er vitnisburður Helga Péturs Ottesen, lögreglumanns, samhljóða, en hann kom á vettvang og fór inn í húsið með starfsfélögum sínum.

Samkvæmt framansögðu liggur fyrir samhljóða og áreiðanlegur vitnisburður tveggja lögreglumanna um akstur ákærðu og er vætti þeirra stutt því er kom fram hjá þriðja lögreglumanninum sem hafði afskipti af ákærðu. Með þessu er gegn eindreginni neitun ákærðu sannað, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að hún hafi ekið bifreiðinni VG-316 eftir Suðurgötu á Akranesi, eins og henni er gefið að sök. Í blóðsýnum sem tekin voru úr ákærðu mældist alkóhól rétt rúmlega 1% auk þess sem fíkniefni mældust í þvagsýni ákærðu. Með akstrinum hefur ákærða því gerst sek um þau brot sem henni eru gefin að sök og réttilega eru færð til

refsilaga í ákæru.

VI.

Ákærða hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987.

Samkvæmt sakavottorði, sem lagt hefur verið fram í málinu, spannar sakaferill ákærðu árin 1999 til 2006 en hún hefur hlotið átta dóma og gengist undir eina lögreglustjórásátt fyrir brot gegn hegningarlögum og umferðarlögum. Þar af hefur ákærða fimm sinnum verið sakfelld fyrir akstur undir áhrifum áfengis, auk þess sem hún hefur í fjögur skipti hlotið dóm fyrir akstur svipt ökurétti. Síðast hlaut ákærða dóm 15. febrúar 2006 en þá var hún fundin sek um að hafa ekið undir áhrifum áfengis og svipt ökurétti. Var refsing ákveðin 2 mánaða fangelsi, auk þess sem ákærða var svipt ökurétti ævilangt. Hefur ákærða verið svipt ökurétti ævilangt frá árinu 1999.

Að virtum sakaferli ákærðu þykir refsing hennar hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði.

Þá verður með vísan til 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga áréttuð ævilöng svipting ökuréttar ákærðu.

Loks verður ákærða samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga um meðferð opinberra mála dæmd til greiðslu sakarkostnaðar samkvæmt yfirliti lögreglu um sakarkostnað og ákvörðun dómsins um málsvarnarlaun verjanda, sem ákveðin eru að meðtöldum virðisaukaskatti, svo sem nánar greinir í dómsorði. Jafnframt verður ákærða dæmd til að greiða ferðakostnað verjanda samkvæmt reikningi.

Benedikt Bogason, héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

## **D Ó M S O R Ð:**

Ákærða, Sigríður Hjartardóttir, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærða er svipt ökurétti ævilangt.

Ákærða greiði 394.339 krónur í sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar, héraðsdómslögmanns, 200.000 krónur.

Benedikt Bogason